


HÁLFRAR ALDAR ÚTLEGGÐ Í SÓDÓMU

„Það er langbest að vita ekki hvað muni gerast. En auðvitað eru ferðalög í ætt við flóttu. Fyrir mig var nauðsynlegt að flýja frá því hvar ég var, hver ég var og hvað ég vissi. Sumir kalla það að flýja siðmenninguna.“



„MEÐAN ég verð ekki verri, er ég til í að tóra.“ Paul Bowles kveður Örnólf Árnason.



PAUL Bowles árið 1990.


Nú er Paul Bowles einn eftir af gömlu „útlögunum“ í Tanger. David Herbert, Cecil Beaton og Barbara Hutton eru horfin og allir aðalsmennirnir, kynhverfu glaumgosarnir og bítnikkarnir, William Burroughs, Allen Ginsberg og Jack Kerouac. Truman Capote, Tennessee Williams og Joe Orton eru líka farnir. Enginn af gömlu félögunum kemur lengur á svæðið til að sletta úr klaufunum undir tilsjón Bowles, en þeim mun fleiri ókunnugir berja upp á hjá þessum gamla „gúrú“ þótt hann sé hrumur og heilsutæpur. Nú er hann loksins orðinn ríkur og frægur. Áður var Paul Bowles aðeins frægur meðal fræga fólksins, almenningur kannaðist ekkert við hann. Bækur Bowles hafa komið út fyrst í Englandi um langt skeið, en áhugi Breta vaknaði fyrst á honum fyrir alvöru þegar spurðist að Rolling Stones hefðu farið í pílagrímsför til Tanger til þess eins að setjast við fótiskör þessa karls.

Paul Bowles var efnilegt tónskáld og vakti athygli í fæðingarborg sinni, New York, á þriðja áratug aldarinnar. Hann og rithöfundurinn Jane, kona hans, þóttu spennandi par í samkvæmislífi listamanna og voru eftirsótt í stofum stöndugra listunnenda. Árið 1948 sögðu hjónin þó skilið við hið ljúfa líf vestrænnar hámenningar og settust að í Tanger. Bowles hafði komið þangað fyrir stríð og auk þess kannað ýmsar aðrar slóðir bæði í Norður-Afríku, Asíu og Mið-Ameríku, áður en hann ákvað að þetta væri staðurinn.

Þótt Bowles hafi alla tíð fengist við tónsmíðar, m.a. samið óperu og gert tónlist við frumuppfærslu ýmissa helstu verka félaga síns Tennessee Williams, er mestur hluti ævistarfs hans á sviði bókmennta. Skáldsögur hans fjalla allar um amerískar persónur í Norður-Afríku og sögusvið smásagnanna er ævinlega framandi umhverfi: Mexíkó, Sri Lanka og þó sérstaklega Marokkó. Bowles hefur líka skrifað nokkrar bækur með ritgerðum, frásögnum, fornum textum í ljóðrænum búningi o.s.frv. sem fást við að lýsa heimi múslima í Norður-Afríku, lífinu þar og viðhorfum þess. Hann er í hugum þeirra sem lesa bækur hans orðinn eins konar Arabíu-Lawrence okkar tíma.

Þá hefur Bowles unnið mikið þarfaverk með því ýmist að skrásetja eða þýða á ensku verk marokkóskra höfunda, sem sumir hafa hlotið útbreiðslu um allan heim í kjölfar þess, svo sem Mohammed Choukri, Mohammed Mrabet og Larbi Layache. Undanfarna tvo áratugi hafa bækur Bowles verið endurprentaðar aftur og aftur í stærri og stærri upplögum, og eftir að Bertolucci kvikmyndaði skáldsöguna „The Sheltering Sky“ rennur allt sem ber nafn Paul Bowles út eins og heitar lummur.

Ég hef um allan tíð skeið verið mikill aðdáandi Paul Bowles og lesið flestar bækur hans. Mest hef ég heillast af smásögnum og ég hugsa að Gore Vidal taki ekki af djúpt í árinna þar sem hann segir í formála nýlegrar heildarútgáfu þeirra, að Paul Bowles sé einhver fremsti smásagnhöfundur á enska tungu á 20. öld.



PAUL Bowles árið 1990.

Mér var kunnugt um að Paul Bowles hefði nýlega gengist undir skurðaðgerð í Madrid og að heilsa hans væri ekki sem best, svo það hvarflaði í fyrstu ekki að mér að heimsækja hann í stuttri ferð minni frá Costa del Sol yfir sundað til Tanger í lok júlí sl. En dag nokkurn sat ég að hádegisverði undir vafningsviðarþaki á veitingastað á ströndinni ásamt tveimur rithöfundum, Mohammed Choukri, sem er innfæddur Tanger-búi, og Hassouna Moshbahi frá Túnis. Hassouna kvað Bowles vera að hressast og stakk upp á að við heimsæktum hann eftir matinn. Við fengum staðfestingu á því símaleiðis að gamli maðurinn væri reidubúinn að veita okkur áheyrn klukkan fjögur.

Ekki fýsti Choukri að koma með. Frægasta bók hans, *Á brauði einu saman brauði*, sem nú hefur verið þýdd á meira en 15 tungumál, kom fyrst út í enskri þýðingu Bowles. Sömuleiðis bækur Choukris, *Tennessee Williams í Tanger* og *Jean Genet í Tanger*. En nú eru þeir Choukri og Bowles því miður orðnir ósáttir og eiga meira að segja í málafærlum út af höfundarréttargreiðslum. Ekki bætir úr skák að Choukri er nýbúinn að gefa út á arabísku bók sem ber titilinn „Paul Bowles og útleugin í Tanger“, þar sem hann ku segja ýmislegt sem Bowles vill ekki heyra.

Babýlon Afríku

Paul Bowles bregður í skáldsögum sínum, t.d. *Let It All Come Down* og *Up Above The World*, upp mynd af því hvernig þessi brögðótti og miskunnarlaus heimur, fullur af ósvífinni ágengni, blekkingum og prettum, mætir Vesturlandabúum. Bowles er eitursnjall að lýsa tortryggnum samskiptum milli útlendinganna og múslimanna, hikandi vináttutengslum og sífelldri óvissu um heilindi. Að

mínum dómi er næmasta lýsingin á slíku í hinni frábæru skáldsögu *The Spider's House* sem gerist í gömlu höfuðborginni Fez á róstursömu lokastigi frönsku nýlendustjórnarinnar.

Þegar Paul Bowles flutti til Tanger árið 1948, laut borgin ásamt nærliggjandi héraði fjölþjóðlegri stjórni. Frá 1912 til 1956, þegar Marokkó fékk sjálfstæði, sátu saman við stjórn Tanger fulltrúar bandamanna og óvinabjóða, sem meðal annars háðu tvær heimsstyrjaldir sín á milli á þessu tímabili.

Tanger stendur Atlantshafsmegin við innsiglinguna á Miðjarðarhafið um Gibraltarsund. Bretar réðu yfir virkinu Gibraltarsundin norðanverðu var auðvitað hluti af Spáni, sem tók ekki þátt í síðari heimsstyrjöldinni, en var hliðhollur Þjóðverjum. Og nyrsti hluti Marokkó var frá 1912-1956 „verndarsvæði“ Spánar en allt þar fyrir sunnan, megnið af landinu, „naut verndar“ Frakka. Í síðari heimsstyrjöldinni var það því Vichy-stjórnin, leppstjórn nasista, sem fór með völd í nær öllu Marokkó.

Á tíma alþjóðlegru stjórnarinnar í Tanger varð borgin að markaðstorgi alls kyns öðleggra og leynilegra viðskipta, til dæmis njósna, peningabættis, vopna- og eiturflyfja-sölu. Þessu fylgdi gífurleg umferð Vesturlandabúa sem margir hverjir voru frekir til fjörs og fýsna. Þannig skapaðist ævintýrlegt og skuggalegt andrúmsloft í Tanger og um leið óx orðspor borgarinnar sem einhvers mesta spillingarbælis í heimi. Eftir að heimsstyrjöldinni lauk tóku útlendingar að flytjast til Tanger, einkum brokkengir listamenn og „svartir saúðir“ auðugra og tiginna fjölskyldna, sem fundu þarna tilvalinn stað til að þreyja sjálfskipaða útleggð frá smáborgarahætti og þröngsýni Vesturálfu.

Tanger-búar eru mjög duglegir að bjarga sér, útsjónarsamir, fjórir að finna eftir hverju útlendingar eru að sækjast og að notfæra sér eftirspurnina í hagnaðarskyni. „Sódóma“ þessi á norðvesturhorni Afríku hafði sterkt aðdráttarafl og ekki skemmdi það fyrir að hægt var að lifa sældarlífi mánuðum og árum saman fyrir fáein sterlingspund eða dollara. Eiturfiklar komust líka í feitt í Tanger, en þó voru það fyrst og fremst hommar sem þyrptust þangað, því að strákarnir í Tanger fengu orð á sig fyrir að vera til í tuskið fyrir skít á priki.

„Nú er hún Snorrabúð stekkur“, hlýtur einhverjum gömlum svallaranum að hrjóta af vör er hann gengur t.d. um Zoco chico í meðinnunni, þar sem útlenda sukkliðið af báðum kynjum og margvíslegum kynsmekk sat áður og reykti „kíff“, át *majoun* eða hasskókur með mintuteinu eða sprautaði sig í bakherbergjunum, eins og til dæmis William Burroughs. Mohammed Choukri hefur skrifað bók um þessa miðstöð Tanger á hippaárunum. Hún ber nafn torgsins: *Zoco chico*. En nú er búíð að loka sumum frægustu kaffihúsum við Zoco chico. Á þeim sem eftir

standa sést fátt sem minnir á fjörið í gamla daga. Þarna sitja fáeinir karlar í djellabakufli um yfir mintutei og virðast annaðhvort vera að ræða eilífðarmálin eða hvíla lúin bein, nema hvortveggi sé. Áður skutust gestirnir fyrir hornið á hóruhús, nú skjótask gestirnir bara til bænahalds í stóru moskunni handan við hornið.

Hjá einsetumanninum

Paul Bowles býr í lítilli blokk bakvið bandaríska konsúlatið í Tanger. Þetta er snyrtilegt hverfi með blandaðri byggð fjölbýlishúsa og ríkmannlegra einbýlishúsa svo sem fimm mínútna akstur frá „Place de France“, miðpunkt „Ville nouvelle“, nýja borgarhlutans. Á nýlakkðri, vandaðri víðarhúð á einni íbúðinni af fimm á efstu hæðinni stendur Bowles.

Brosmynd miðaldra kona í kufli lýkur upp dyrunum. Hún biður okkur að bíða frammi meðan hún skýst inn með nafnsjöld okkar til að fá staðfest að þessir menn séu velkomnir. Síðan vísar hún okkur leiðina inn. Það væri synd að segja að þessi frægi rithöfundur búi ríkmannlega. Íbúðin er varla meira en 60 fermetrar, tvö herbergi og eldhús. Við göngum gegnum litla forstofu, þar er eldhúsið á hægri hönd og lítið baðherbergi til vinstri, síðan inn í dagstofu, búna fremur snjáðum og óásjálægum húsgögnum. Allt er í dauflægum litum með hálfgerðum þunglyndisblæ, ég sé engan fallegan grip, húsgagn, mynd eða mottu.

Og inni í svefnherberginu er skáldið sjálft eina skrautið. Paul Bowles liggur út af á fleti sínu í nýjum og litríkum silkináttfötum og silkislopp. Hann ris upp við dogg og fagnar okkur vel, ekki hraustlegur að sjá en glaður og hress í bragði. Ferðatöskum af ýmsu tagi hefur verið staflað meðfram veggnum fótagaflsmegin, þannig að úr verður eins konar hilla. Þar liggur fatnaður í hrúgum, sumt samanbrotið, annað í kuðli. Sömu dauðu litirnir ríka í svefnherberginu og stofunni, nema hvað fallett brún- og hvítröndótt silki-lak á rúminu gefur gamla mannum verðugan bakgrunn. Einn stóll er við hliðina á rúminu. Ég fæ hann, Hassouna sest flötum beinum á gólfíð, því að hann er vanari þeirri stellingu en ég.

„Ég er við slaka heilsu“, segir Bowles, „en það er betra en að vera dauður. Ég er satt að segja mjög feginn að vera á lífi.“ Það er virðuleg ró yfir honum og hann talar afar skýrt, ýmist á ensku eða frönsku. Það er gestunum að kenna að hann stíklar á milli tungumála, því að við ávörpum hann og spyrjum hvor á sínu málinu.

Þótt lítið virðist vera um tiltekt á heimilinu er gott loft í herberginu, það er dregið fyrir gluggann en hann er greinilega opinn því að gluggatjöldin blakta öðru hverju.

Félaga mínum er í mun að fá Bowles til að skera úr um á hverjum „beatnik“-skáldanna hann hafi haft mestar mætur.

„Áttu við sem persónu eða höfundi?“ spyr hann þá.

„Hvorttveggja“, segir Hassouna. „Ætli mér þyki ekki William Burroughs merkasti höfundurinn, ég hugsa hann hafi verið gáfaðastur“, segir Paul Bowles, „en mér þótti vænst um Allen Ginsberg. Nú eru þeir allir dauðir nema Burroughs, sumir löngu dauðir, eins og Kerouac. Hann fór líka illa með sig, drakk eins og svín.“

Ég segi að Burroughs hafi nú ekki farið beinlínis vel með sig, verið uppdáður áratugum saman og meira að segja sprautað sig með heróíni. „Af hverju skyldi hann tóra lengst?“

Þá hlær Bowles og segir: „Ætli Guði sé ekki bara svona hlýtt til Burroughs, þrátt fyrir allt.“

„Nema Guð vilji ekki fá hann fyrir en í síðustu lög“, segi ég.

„Ég láí honum það ekki“, segir gamli maðurinn skelliðhlæjandi. „Burroughs getur sannarlega reynt á þolinmæðina, jafnvel hjá þeim sem eru á háu plani.“

(Fjórúnd dögum síðar fékk William Burroughs hjartaáfall og dó á heimili sínu í Missourei.)

Talið berst aftur að Ginsberg og dálæti því sem Bowles hafði á honum. „En ég er ekki viss um að hann hafi verið skáld“, segir hann.

Ég spyr um ástæður þess að Paul Bowles tók sig upp frá New York fyrir hálfri öld ásamt konu sinni, Jane, til að setjast að hér á þessum útnára veraldar. Var þetta venjulegur ævintýraþorsti ungs listamanns eða var það vegna töfranna sem hann lýsir í frásögn sinni af fyrstu heimsókninni til Tanger fyrir stríð? Og hvað á hann við með „töfrum“?

„Ætli ég hafi ekki notað orðið *töfrar* sem samheiti yfir allt sem var yndislegt, óþekkt og dularfullt“, segir Bowles. „Ég gerði engar áætlanir fram í tímann. Það er langbest fyrir mann að vita ekki hvað muni gerast og

taka bara því sem að höndum ber. En auðvitað eru ferðalög líka í ætt við flóttu og ég held að svo sé enn hjá mörgu fólki. Fyrir mig var nauðsynlegt að flýja frá því hvar ég var, hver ég var og hvað ég vissi. Sumir kalla það að flýja siðmenninguna.“

Skáldsögur Bowles fjalla allar um Vesturlandabúa sem koma til Norður-Afríku og verða innfæddum að „bráð“. Ég spyr hann hvernig standi á að honum sé þetta efni svona hugleikið og hvort hann telji þetta yfirleitt hlutskipti Ameríkumanna sem hingað koma.

„Ég held að margir séu gripnir þeirri tilfinningu þegar þeir koma hingað og ganga hér um strætin“, segir Bowles, „að þeir séu bráð harkaranna, sem abbastráttar á þá og reyna að selja þeim eitthvað, að þeir séu þarna til þess að sjá innfæddum fyrir viðurværi. Þetta er svipað í flestum borgum Marokkó. Ég hef oft sagt að maður er bráð þeirra í ákveðnum skilningi. Þeir vekja hjá manni þá tilfinningu að þeir séu maurar en við séum blaðlýsnar þeirra.“ Og hann bætir við, gleðtinn á svip: „Það er sagt að kristnir menn séu skapaðir til viðurværis fyrir múslima.“

Ég rifja upp ýmislegt sem Bowles hefur sagt um samskipti okkar og múhamedstrúarmanna, t.d. að þeir líti ekki á okkur sem raunverulegt fólk, þeir fari til himna en við höfum enga sál, svo að við séum ekki til, heldur séum við bara skuggar.

„Í sögum þínum mistekst vestrænu söguhetjunum alltaf að ná sambandi við múslimana“, segi ég. „Er þetta í samræmi við þína eigin reynslu af áratuga nánunni samneyti við innfædda?“

„Það er ekki hægt að ná nema takmörkuðu sambandi við þá sem hafa gerólík viðhorf“, segir hann. „Þú nærð ekki sambandi við þann sem hefur gerólík viðhorf, að minnsta kosti ekki fullkomnu sambandi.“

Nú hlær Bowles og bætir svo við: „Algert samband milli fólks er hvort sem er ómögulegt. Ég hef aldrei getað myndað fullkomið samband við kristna menn, hvað þá múslima.“

Hassouna, sem er múslími, eða a.m.k. uppallinn í þeirri trú, spyr Bowles eins og eðlilegt má telja: „Hvað er það sem hnýtir þig svona sterkum böndum við heim múslima. Hvers vegna viltu heldur búa hér en t.d. í New York? Hvað er það hér í Tanger sem heldur þér?“

„Ég get ekki sagt þér það“, svarar Paul Bowles. „Margir hafa spurt mig þessarar spurningar og ég hef stundum sagt að það sé eins hægt að spyrja mig hvers vegna mér geðjist rósailmur. Mér þykir hann góður. Þannig þykir mér gott að vera hér þrátt fyrir allt sem betur mætti fara.“

Nú spyr ég Bowles hvort það sé rétt að hann geri aldrei áætlanir um ritverk sín, heldur setjist niður á hverjum morgni með autt blað og skrifi það sem kemur í hugann, eins konar ósjálfráða skrift.

„Já, það er alveg satt“, segir Bowles. „Þetta er mín aðferð. Mér dettur ekki í hug að hún sé betri en aðferð annarra. Flestir rithöfundar sem ég þekki vinna á allt annan hátt, gera fjöldamörg uppköst, breyta og lagfæra aftur og aftur. En hjá mér stendur þetta næstum óröðlegt frá því ég skrifa það fyrst niður og þangað til það kemur út á bók. Ég skrifa hins vegar mjög hægt, svo að ég er ekkert hraðvirkari en ýmsir starfsbræður mínir sem umskrifa verkin mörgum sinnum. Þetta kemur út á eitt. Ástæðan fyrir verklagi mínu er ef til vill sú að ég er gersneyddur þeirri gáfu að skilgreina. Þess vegna reyni ég að leima sköpun mína framhjá vitsmununum, kem með tóman hugann að auðri pappírsörk og byrja að skrifa.“

„Ertu þá að reyna að tengja beint við undirmeðvitundina? Líturðu á hana eins og Jung og Freud, eins og 9/10 af Ísjakani?“ spyr ég.

„Já, þar er það sem Gertrud vinkona mín Stein kallaði grunneðlið“, segir Bowles. „Er það innihald verkanna, kjarninn?“ spyr ég.

„Já, það skiptir nefnilega ekki svo miklu máli hvað maður hugsar“, segir hann, „heldur miklu fremur hvað manni finnst og hver maður er og hvað maður er.“

Heimsókninni til þessa vitra öldungs er að ljúka. Hann hefur átt lengra og fjölskrúðugra líf en flestir, og hefur sjálfur valið að búa einn í landi sem ævinlega hlýtur að vera honum framaði. Ef til vill er hann með því að undirstrika það að hlutskipti rithöfundarins er að vera aðkomumaður hvar sem hann er.

Að skilnaði segi ég við Paul Bowles að ég óski honum góðrar heilsu og langra lífdaga.

Það leikur dauft bros um varir hans þegar hann svarar: „Kannski drepst ég á morgun en ég gæti líka orðið níraður. Ég er búinn að sætta mig við að heilsa mín muni líklega ekki skána. Hún er að vísu skrambi léleg, en meðan ég verð ekki verri er ég til í að tóra. Það megði þið segja æðri máttarvöldum ef þið hafið einhver sambönd.“

ARFTAKINN

SMÁSAGA

EFTIR PAUL BOWLES

Örnólfur Árnason þýddi

Það var um miðjan dag. Ali lá á mottunni sinni. Hann hnerraði. Hæna, sem blundað hafði nálægt honum, gargaði, þaut út úr herberginu og fann sér stað í miðju hringlaga moldarlagi undir flíkutrénu. Hann hlýddi um

stund á þrumurnar úr fjöllumunum sunnan við bæinn og ákvað að setjast upp, því að hann myndi ekki geta sofnað aftur fyrr en um miðnættið.

Handan við reyrvíðarvegginn var bróðir hans í samræðum við El Medhi, einn mannanna sem óku fólki úr bænum á vögnum upp eftir. Af verönd kaffihússins mátti renna augum yfir kvalda, rauða jörðina með eldgömlum ólífutrjám og niður að dimmum hellunum undir bæjarmúrnum.

Yfirleitt þótti ferðamönnum útsýnið tilkomumikið. Þeir leigðu sér einn af gömlu vögnunum, sem biðu niðri í bænum, og létu aka sér upp bugðóttan veginn, sem bakaðist allan daginn í sólskininu. Ferðin upp að kaffihúsinu tók tæpa klukkustund. Þar sátu þeir undir tíglagrindinni í skugga vínvíðarins og drukku te eða bjór. Ekkillinn gaf hestunum vatn, og fyrir ljósaskipti héldu þeir af stað til baka.


Á sunnudögum komu margir vagnar og bifreiðar. Kaffihúsið var fullt allan daginn. Bróðir hans, sem átti kaffihúsið og gætti reikningshaldsins og peninganna, sagðist græða meira á sunnudegi en alla hina daga vikunnar samanlagt. Ali dró það í efa, ekki vegna þess að það væri svo ólíklegt, heldur vegna þess að bróðir hans sagði það. Það var óhagganleg staðreynd að bróðir hans var eldri en hann og hafði því erfitt kaffihúsið eftir föður þeirra. Andspænis svo hróplegu óréttlæti var ekkert hægt að gera. Né hafði hann áhuga á nokkru sem bróðir hans hafði fram að færa. Bróðir hans var eins og veðrið, maður fylgdist með því og var ofurseldur duttlungum þess. Þetta stóð skrifað, en það var ekki þar með sagt að ekki mætti breyta því.

Hann hallaði sér upp að veggmottunni og teygði úr sér. Bróðir hans og El Mehdi voru að drekka bjór. Hann var viss um það vegna þess hvernig þeir lækkuðu róminn í hvert skipti sem eitthvert hljóð barst að utan. Þeir vildu geta falið glösin í skyndi ef einhver kæmi nærri dyrunum, svo að þeir hlustuðu grannt meðan þeir mösuðu saman. Hann hafði andstyggð á þessu barnalega laumuspili, spýtti á gólfíð við fætur sér og hrærði með berri tanni í hvítum hrákanum.

Þruma glumdi við úr suður-fjöllumunum, ekki háværari en langvinnari en fyrr. Það var fullsnemmt að regntíminn hæfist, en þó gæti gert rigningu. Hann rétti út höndina eftir vatnskrukkunni og drakk vænan teyg. Síðan sat hann grafkyrr nokkra hríð og horfði á innrammaða mynd af soldáninum sem hékk á veggnum andspænis honum.

Aftur buldi við þruma, enn varla neitt hærri, en í þetta sinn greinilega nálægari og hljóðið nærgöngulla. Það var eins og manneskja væri að læðast að laumulega. Lófaklapp heyrðist utan af veröndinni og karlmannsródd hrópaði: „Garçon!“ Bróðir hans fór út, og hann heyrði El Medhi svelgja afganginn af bjórnum og hraða sér síðan á eftir honum. Innan skamms tilkynnti kvenródd að það ætlaði að fara að rigna. Þá hrópaði El Medhi „Hott, hott!“ á hesta sína, og það ískraði í vagninum er hann lagði af stað niður veginn.

Eftir að gestirnir voru farnir, hélt bróðir hans kyrru fyrir úti. Ali gekk hljóðlega að dyrunum og sá hann standa við brjóstvörðina með hendur fyrir aftan og horfa yfir bæinn. Hinum megin á veröndinni húkti pilturinn sem þvodi glösin og skúraði gólfíð. Hann var með lokað augu. Lítið heyrðist neðan úr bænum. Stöku sinnum flaug fugl ofan af hæðinni á bakvið og stakk sér ofan í dalinn. Himinninn var dökkur. Bróðir hans sneri sér við og sá hann standa í dyragættinni.



„Svafstu?“

„Já.“

„Það er að fara að rigna.“

„Incha' Allah.“

„Hlustaðu nú.“ Bróðir hans rétti upp höndina og hann leit til hliðar. Í fjarska mátti greina óminn af röddum litlu strákanna, sem hlupu um götur bæjarins og sungu lagið til Sidi Bou Chta, sem þeir sungu alltaf rétt áður en byrjaði að rigna.

„Já.“

Nú voru þrumurnar yfir nálægustu fjöllumunum. Bróðir hans nálgadist dyrnar og Ali vék til hliðar til að hleypa honum framhjá.

„Nú lokum við“, sagði bróðir hans. Hann kallaði til drengsins sem tók til við að bera stólana og borðin inn í herbergið þar sem þeim var staflað. Ali og bróðir hans sátu á madressunni og geispuðu. Þegar drengurinn var búinn, lokaði hann dyrunum, setti hengilásinn fyrir. Síðan kom hann inn í herbergið og fór að blása í glæðurnar með fýsibelnum. Hann bar þeim svo báðum glas af tei.

„Farðu út í hús. Við borðum snemma“, sagði bróðir hans. Drengurinn fór út. Nú heyrðist þruma beint yfir þeim. Þeir litu hvor á annan. Ali sagði: „Ég skal loka húsinu. Drengurinn er bjáni.“

Litla húsið var á bakvið kaffihúsið, byggt upp við lága klettinn rétt fyrir neðan veginn. Þegar hann var kominn að flíkutrénu heyrði hann bróður sinn tala við einhvern. Hann varð undrandi og nam staðar til að hlusta. Stórir regndropar tóku að falla víðs vegar ofan í rykið. Það var erfitt að heyra hvað bróðir hans sagði. Hann gekk inn í húsið.

Þarna bjó enginn nema þeir tveir og drengurinn, sem svaf fyrir utan. Það var aldrei mjög hreint hjá þeim. Ef bróðirinn hefði nú bara fengist til að kvænast, þá hefði Ali haft afsökun fyrir að fara burt. En þangað til var það ómögulegt, því að faðir hans hafði sagt honum að vera kyrr og hjálpa bróður sínum við kaffihúsið. Allt

sem hann fékk að launum var skítugt herbergi og vondur matur sem drengurinn eldaði handa þeim.

Hins vegar þegar bróðir hans gekk gegnum hverfið í Moulay Abdallah var honum fagnað af konunum í hverju húsi. Peningarnir fóru í armbönd handa þeim og vín og bjór handa vinum hans. Fyrir utan þessar konur, sem hann eyddi flestum nóttum með, var alltaf einhver heidvird stúlka sem hann vonaðist til að geta tælt. Það mistókst yfirleitt, en ósigirnir æstu bara upp áhuga hans.

Um þessar mundir var það Kinza, dóttir kaupmanns frá Taza, sem hann var að stíga í vænginn við. Hún hafði veitt honum stutt samtöl á fáförnum öngstrætum með þjónustustúlku á verði fáein skref frá. Eitt sinn hafði hann hitt hana í ljósaskiptunum fyrir utan Bab Segma og tekið utan um hana (eftir að vinnukonan fékkst til að horfa í hina áttina), og hann hafði meira að segja átt *tête-à-tête* með henni í bakherbergi á kaffihúsi. Þá hafði hann lyft blæjunni hennar og kysst hana. En hún hafnaði frekari atlotum og hótadi, ef hann beitti hana valdi, að kalla á þjónustustúlkuna sem stóð fyrir framan dyrnar. Eftir að hún hafði þegið fjölmargar gjafir, lofaði hún honum öðrum slíkum einkafundi, svo að hann lifði enn í voninni.

Ali vissi allt um líf bróður síns og um Kinzu, því að þótt bræður geti ekki rætt slík málefni sín á milli, þá er fullkomlega eðlilegt að ræða þau við hvern annan sem er. Hann vissi allt um Kinzu og vonaði að bróður sínum yrði ekkert ágengt með hana.

Nú fór rigningin vaxandi. Hann lokaði gluggunum svo að vatnið kæmi ekki inn. Síðan, bæði út úr leiðindum og eins af því að hann var langaði að vita hver væri kominn á kaffihúsið, þá gekk hann yfir opna svæðið sem skildi að byggingarnar tvær, og læddist aftur inn í bakherbergið. Handan við skilveginn var á ný verið að blása eldi í glæðurnar, í þetta sinn var það bróðir hans sem gerði það.